

Félag íslenskra bifreiðaeigenda  
Hr. Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri  
Skúlagötu 19  
101 Reykjavík

Reykjavíkurflugvelli, 29. mars 2016  
1602017BÓH

**Efni:** Ályktun stjórnar dags. 12. febrúar 2016 um fyrirhugaða ofurhækkuun Isavia á bílastæðagjöldum, áskorun til stjórnar Isavia um að hækkinin komi ekki til framkvæmda

Isavia hefur ávallt haft það að markmiði að tekjur af einstökum þáttum í rekstri Keflavíkurflugvallar, þar á meðal af rekstri bílastæða, standi undir kostnaði við þá þjónustu sem þar er veitt. Er í því samhengi átt bæði við rekstur og fjárbindingu. Síðustu árin hefur afkoman ekki staðið nægjanlega vel undir rekstrinum og nú þegar verulegar framkvæmdir eru framundan við ný bílastæði var áriðandi að tryggja eðlilega afkomu af rekstri þeirra. Þessar framkvæmdir eru sérstaklega mikilvægar í ljósi þess að nýting á t.d. langtímastæðum er orðin allt að 96% í sex til sjö mánuði á ári, sem þýðir að færri en 100 af 2.100 langtímastæðum eru laus á álagstínum. Skammtímastæðin eru á sama tíma meira eða minna fullnýtt á álagstínum. Til að bæta þjónustu við bifreiðaeigendur og aðra ferðamenn hefur því verið ákveðið að fjölga bílastæðum. Framkvæmdir eru þegar hafnar við ný starfsmannastæði og núverandi starfsmannastæðum mun því fljótlega verða breytt í langtímastæði. Við þessa framkvæmd mun bílastæðum fyrir ferðamenn fjölda um 300.

Varðandi mismunandi hækkuun á gjaldskrám langtímastæða og skammtímastæða þá er það einfaldlega vegna þess að um tvær ólíkar vörur er að ræða. Þá hefur eftirspurn eftir skammtímastæðum aukist verulega umfram það framboð sem er til staðar og því mikilvægt að gjaldskráin endurspegli það. Það er markmið félagsins að reyna að flytja hluta af notkun skammtímastæða yfir á langtímastæðin með verðstýringu. Það er öllum flugstöðvum nauðsynlegt að ávallt sé laus töluverður fjöldi skammtímastæða fyrir notendur sem eiga skamma viðvöl í flugstöðinni hvert sinn.

Forsvarsmenn Isavia skilja að hækkanir á þjónustugjöldum í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar séu ekkert sérstakt gleðiefni, hvort sem um er að ræða brattar hækkanir eða minni. Eigi að síður er þessi hækkuun á bílastæðagjöldum óhjákvæmileg og í rauninni löngu tímabær.

Með þeim framkvæmdum sem þegar eru hafnar og þeim sem fyrirhugaðar eru á næstu misserum og árum er verið að vinna að bættri þjónustu við bifreiðaeigendur sem eiga leið um Keflavíkurflugvöll og skilja einkabifreiðar sínar eftir við flugvöllinn á meðan á ferðalagi stendur.

Félagið hefur síðustu árin lagt allt kapp á að veita íslenskum bifreiðaeigendum góða þjónustu. Þar á meðal hefur félagið reynt að gefa öllum farþegum sem koma á einkabifreiðum til Keflavíkurflugvallar kost á að skilja bifreið sína eftir án þess að gera sérstakar pöntunarráðstafanir, eða þurfa að hafa áhyggjur af því að öll bílastæðin séu upptekin. Við núverandi aðstæður getur það raunverulega gerst að bifreiðaeigendur lendi í því að þurfa frá að hverfa. Því þarf og verður ráðist í verulegar stækkunarframkvæmdir á bifreiðastæðunum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á næstu árum til að mæta hraðvaxandi eftirspurn.

Boðaðar hækkanir þann 1. apríl nk. eru því ekki einungis eðlilegar, heldur mikilvægar til að Keflavíkurflugvöllur geti áfram boðið íslenskum bifreiðaeigendum framúrskarandi þjónustu og þannig verið áfram hluti af góðu ferðalagi.

Virðingarfyllst,  
f.h. Isavia ohf.



Björn Óli Hauksson  
Forstjóri

Afrit:  
Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra  
Ólöf Nordal innanríkisráðherra